

Tillaga til reglugerðabreytinga á ársþingi BLI 2023 frá Guðrúnu K Einarsdóttur og mfl ráði blakdeildar Aftureldingar.

*Tillaga um viðbót við 2.gr. um fyrirkomulag Íslandsmóts BLI í Úrvalsdeild .*

**Rökstuðningur:** *Ef við viljum byggja upp blakið á Íslandi þá þarf að koma í veg fyrir að lið séu samansett af nánast eingöngu erlendum leikmönnum. KKÍ setti þessa reglu fyrir mörgum árum og það hefur skilað þeim á mun betri stað hvað landsliðið varðar því fleiri íslenskir leikmenn fá tækifæri og meiri spilatíma í stað þess að sitja á bekknum.*

## **2. gr. Fyrirkomulag Íslandsmóts BLÍ í Úrvalsdeild**

2.1 Í Úrvalsdeild skal leikið í bæði karla- og kvennaflokki. Öllum blakfélögum á Íslandi innan ÍSÍ er heimilt að óska eftir þátttöku í Úrvalsdeildinni og skulu að hámarki 12 lið skipa deildina hverju sinni.

Lið í Úrvalsdeild þurfa að hafa 12 leikmenn með leikmannaleyfi á leikmannalista sínum til að öðlast rétt til þátttöku í deildinni. **Viðbót:** *Að hámarki mega þrír erlendir leikmenn vera inni á vellinum á sama tíma. Leikmaður sem búið hefur og starfað á Íslandi í amk 3 ár telst sem íslenskur leikmaður, þrátt fyrir að vera með erlent ríkisfang, annars skal farið eftir vegabréfi leikmanns.*

**Samskonar reglugerðarbreyting skal koma inn í Bikarkeppni BLI eins og um Úrvalsdeildina.**

**Rökstuðningur:** Ef við æltum að byggja upp blakið á Íslandi þá þarf að koma í veg fyrir að lið séu samansett af nánast eingöngu erlendum leikmönnum. KKÍ setti þessa reglu fyrir mörgum árum og það hefur skilað þeim á mun betri stað hvað landsliðið varðar því fleiri íslenskir leikmenn fá tækifæri og meiri spilatíma í stað þess að sitja á bekknum.

## **Tillaga um viðbót við Reglugerð um bikarkeppni BLÍ**

**Rökstuðningur:** *Ef við æltum að byggja upp blakið á Íslandi þá þarf að koma í veg fyrir að lið séu samansett af nánast eingöngu erlendum leikmönnum. KKÍ setti þessa reglu fyrir mörgum árum og það hefur skilað þeim á mun betri stað hvað landsliðið varðar því fleiri íslenskir leikmenn fá tækifæri og meiri spilatíma í stað þess að sitja á bekknum.*

## **Reglugerð um bikarkeppni BLÍ**

1. gr. Keppnin er útsláttarkeppni. Öllum félögum innan BLÍ er heimil þátttaka og mega þau senda inn fleiri en eitt lið frá hverju félagi, a, b o.s.fv., leikmanni er þó einungis heimilt að leika með einu liði í keppninni og verður að vera skráður í það lið félagsins eða eitt þeirra liða sem standa að sameiginlegu liði félagsins í bikarkeppni BLÍ þegar leikurinn fer fram.

**(viðbót):** *Að hámarki mega þrír erlendir leikmenn þó vera inni á vellinum á sama tíma í hverju liði í hverri hrinu. Leikmaður sem búið hefur og starfað á Íslandi í amk 3 ár telst sem íslenskur leikmaður, þrátt fyrir að vera með erlent ríkisfang, annars skal farið eftir vegabréfi leikmanns.*